

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 39 26. apríl 1963, orðast svo:

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Þær skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. mars 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Björn Bjarnason.*